

Umhverfisviðurkenningar

Reglur um veitingu umhverfisviðurkenninga
á vegum umhverfisnefndar Garðabæjar

Umhverfisviðurkenningum er ætlað að beina athyglinni að þeim verkum sem til fyrirmyndar teljast á vettvangi umhverfismála í Garðabæ og vera hvatning til frumkvæðis, framtaks og áframhaldandi góðra verka.

Umhverfisnefnd skal eftir megni stuðla að fegrun og snyrtilegri umgengni í bænum, jafnt í byggð sem útivistarsvæðum í útmörk.

Umhverfisnefnd geri árlega tillögur til bæjarstjórnar hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir:

1. Snyrtilegan frágang lóðar íbúðarhúsnæðis
2. Snyrtilegan frágang lóðar atvinnuhúsnæðis
3. Endurgerð eldra íbúðarhúsnæðis, atvinnuhúsnæðis eða stofnunnar og/eða lóða.
4. Snyrtilega götu og/eða opið svæði
5. Sérstök viðurkenning umhverfisnefndar, s.s.vegna fræðslustarfa á sviði umhverfismála, framlaga til ræktunarmála, hönnunnar, sérstaks frumkvæðis, framtaks eða frammistöðu í umhverfismálum eða náttúruverndarmálum.

Garðabær sjái um gerð og uppsetningu skiltis merkt útgáfuári við snyrtilegustu götuna. Gildistími skilta verði 10 ár.

Umhverfisnefnd ákveður hversu margar viðurkenningar eru veittar í hverjum flokki. Úthlutun viðurkenningar í einstökum flokkum fellur niður, ef sýnt þykir að enginn aðili standist ofangreindar viðmiðanir.

Staðfest af bæjarráði 20.09. 2005